

From: katrin.thordardottir@irr.is [<mailto:katrin.thordardottir@irr.is>]
Sent: 6. desember 2012 09:12
To: Þórunn Pálína Jónsdóttir
Cc: sigurbergur.biornsson@irr.is
Subject: Um töku lífsýna og dómsúrskurði

Tilvísun í mál: IRR12060431

Samkvæmt beiðni nefndarmanna í umhverfis- og samgöngunefnd sendir ráðuneytið neðangreindar upplýsingar um töku lífsýna og dómsúrskurði, til viðbótar við svör fulltrúa ráðuneytisins á fundi nefndarinnar 28. nóv. sl.

Með kveðju, f.h. innanríkisráðuneytisins,

Katrín Þórðardóttir

- Í dag er ekki byggt á því að lögregla þurfi að afla dómsúrskurðar fyrir töku sýna vegna meints ölvunaraksturs, enda um sérgreind tilvik að ræða þar sem bið eftir úrskurði gæti valdið sakarspjöllum. Á það t.a.m. við ef ökumaður er á mörkum þess að vera yfir leyfilegum mörkum. Ef ökumönnum yrði ávallt veittur réttur til að krefjast dómsúrskurðar gæti það m.a. ýtt undir það að fólk taki áhættu þar sem bið eftir dómsúrskurði leysti það undan refsingu. Lagaheimild 47. gr. núgildandi umferðarlaga er sérheimild lögreglu án undangengis dómsúrskurðar.
- Um töku sýna og rannsókn þeirra vegna aksturs undir áhrifum vímuefna gildir reglugerð nr. 301/2008 og er þar nánar kveðið á um framkvæmd sýnatöku og heimildir og skyldur lögreglu og heilbrigðisstarfsfólks einnig útfærðar þar frekar, m.a. með vísan til meðalhófstjórnarmiða og fagþekkingar þar frá greindra starfsstétta. Nálgest má reglugerðina hér: <http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/301-2008>
- Í 4. mgr. 48. gr. frumvarpsins segir að um þvagrannsókn skv. 2. mgr. fari samkvæmt lögum um meðferð sakamála, nema fyrir liggi ótvírætt samþykki ökumanns. Hugtakið ótvírætt samþykki felur m.a. í sér að þögn er ekki sama og samþykki. Í 77. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 segir að heimilt sé að taka blóð- og þvagsýni og önnur lífssýni úr sakborningi og rannsaka þau, svo og að framkvæma á honum aðra þá líkamsrannsókn í þágu rannsóknar sem gerð verður honum að meinalausu, enda leiki rökstuddur grunur á að hann hafi framið brot sem varðað getur fangelsisrefsingu að lögum. Í 2. mgr. 78. gr. sömu laga segir að líkamsrannsókn eða geðrannsókn skv. 77. gr. skuli ákveðin með úrskurði dómara nema fyrir liggi ótvírætt samþykki þess sem í hlut á. Af framangreindu leiðir að það verður hlutverk dómstóla að meta það í hvaða tilvikum ástæða sé til þess að beita þvingaðri þvagsýnatöku.
- Í kjölfar máls hjá embætti sýslumannsins á Selfossi í mars 2007, sem vitnað hefur verið til hjá nefndinni, sendi ríkissaksóknari umburðarbréf til allra lögreglustjóra í desember 2007, þess efnis að fremur ætti að taka blóðsýni en þvagsýni í þeim tilvikum er grunur væri um ölvunarakstur. Var þeim tilmælum beint til lögreglustjóra að taka frekar blóðsýni tvisvar með klukkustundar millibili, neiti sakborningur að gefa þvagsýni eða segist ekki geta gefið slíkt sýni. Síðan þá hefur reglugerð nr. 301/2008 einnig verið sett, sem getið er hér að ofan. Þá eru ákveðnar verklagsreglur í gildi hjá lögreglunni um sýnatöku í ölvunar-, fíkniefna- og lyfjaakstursmálum.
- Leitað var upplýsinga hjá Dómstólaráði um dómsúrskurði í ölvunarakstursmálum. Þessar upplýsingar fengust:
- Málaskrá héraðsdómstólanna býður ekki upp á þann möguleika að leitað sé í skránni eftir lagaákvæðum. Hins vegar er mögulegt að slá inn „tegundarheiti“ mála. Eitt tegundarheitið er leit og líkamsrannsókn.
- Eftir nokkra könnun þeirra mála hjá Héraðsdómi Reykjavíkur og Héraðsdómi Reykjaness er ekkert mál að finna er varðar lífsýnatöku á grundvelli ákvæða umferðarlaga.
- Þá var og haft samband við mjög reyndan héraðsdómara sem gengur mjög reglulega rannsóknarvaktir og hefur sinnt því starfi í tuttugu ár. Hann kannast ekki við að slíkt mál hafi komið upp hjá héraðsdómstólunum. Það er a.m.k. hægt að fullyrða að það heyrir til undantekninga að mál af þessum toga berist dómstólunum.
- eru ofangreindar upplýsingar í samræmi við það að samkvæmt núgildandi lögum er ekki byggt á því að lögregla þurfi að afla dómsúrskurðar fyrir töku sýna vegna meints ölvunaraksturs.